



Leiðbeiningar fyrir gistaðaði með veitingar vegna hámarksfjölda, nálægðartakmarkanna og opnunartíma.

Sóttvarnaráðstafanir vegna COVID-19 sem taka gildi 15. apríl 2021

1. Grímuskylda gesta nema þegar setið er.
2. Rekstraraðili [þrífur og sóttgreinsar](#) sameiginleg [rými](#) og snertifleti a.m.k. tvisvar á dag.
3. Borð og stólar eru sóttgreinsaðir á milli viðskiptavina.
4. Frá og með **15. apríl** er hámarksfjöldi í hverju sóttvarnarými **20 manns**, (börn fædd árið 2015 og síðar eru ekki talin með).
5. Opnunartími:
 - a. Veitingastöðum er heimilt að vera með opið til kl. 21:00.
 - b. Gestir skulu hafa yfirgefið staðinn eigi síðar en kl. 22:00
 - c. Ekki er heimilt að hleypa inn nýjum viðskiptavinum eftir kl. 21:00.
 - d. Heimilt er að selja mat út úr húsi til kl. 23:00.

FORÐUMST
HIÍJK LMN OÓPR

Við tiltekna aðstæður eykst smithættu COVID-19

L Léleg loftræsting
M Margmenni
N Nán samskipti

Áhætta er meiri þar sem þættimur skarast
Þóssum upp á hvert annað og lágmörkum smithættuna með því að forðast **lokuð rými, mannþröng og návigi.**

Hvað getur þú gert?

- Forðastu mannþröng og talmanjabúu veru þína í lokuðum rýmum
- Haltu rétti fjarlægð frá öðrum
- Ef þú hefur tök á, opnaðu glugga og hurðir fyrir betri loftræstingu.
- Þvoðu hendurnar og haltu fyrir vitið þegar þú hóstar eða þveirar
- Verðu með grímu þar sem við á eða þegar ómögulegt er að halda rétt fjarlægð

World Health Organization | Ferðamálastofa | Embætti landlæknis

6. Virða ber 2 metra nándarreglu á milli ótengdra einstaklinga.
7. Starfsfólk ber að vera með grímu sem og gestir nema þegar þeir sitja til borðs.

8. Börn fædd 2005 og síðar eru undanþegin grímuskyldu.
9. Auðvelt og áberandi aðgengi að handþvottaðstöðu og handspritti þarf að vera til staðar.
10. Skilti þarf að vera við inngang að matsal og einnig í móttöku gististaðar sem segir fólki að spritta hendur á leið inn og út. Handspritt þarf að vera til staðar á þessum stöðum.
11. Takmarka þarf samneyti á milli aðskildra ferðahópa.
12. Hver matsalur er eitt sóttvarnarrými, hægt er að skipta upp í fleiri rými sjá hér að neðan.
13. Eldhús er eitt rými.
14. Matsalur, hægt er að skipta honum upp þannig að það eru að hámarki **20 manns** í hverju rými. Starfsfólk er ekki talið með. Enginn samgangur á að vera milli rýma.
15. Allir gestir skulu skráðir í númeruð sæti undir nafni, kennitölu og símanúmeri. Skráin skal varðveitt í tvær vikur og eytt að þeim tíma liðnum.
16. Allir gestir skulu fá afgreiðslu í sæti, á einnig við um alla drykki.
17. Það má skipta matsal þannig að alltaf séu auð borð í röð sem skipta salnum og búa þannig til lokað rými. Ef þessi leið er notuð skal tryggja að það sé einn metri á milli rýma.
18. Halda skal tveggja metra reglu á milli borða/hópa.
19. A.m.k. eitt salerni þarf að vera til staðar og sérmerkt fyrir hvert og eitt sóttvarnarými.
20. Fjölskyldur og hópar sem hafa verið í miklu samneyti áður geta setið við sama borð.
21. Kokkar og starfsfólk í eldhúsi eiga að vera í eldhúsi og bera matinn fram að dyrum aðskildra rýma. Þar taka þjónar við sem aðeins þjóna einu sóttvarnarými.
22. Kokkar og starfsfólk í eldhúsi eiga að hafa sér inngang og salerni.
23. Þvo skal mat- og vínseðla á milli gesta/borða eða hafa á rafrænu formi eða einnota.
24. Ef boðið er upp á hlaðborð skal fylgja eftirfarandi reglum:
 - a. Komið fyrir gegnsærri hlíf á milli matarhlaðborðs og andlit gesta ef hægt er.
 - b. Hafið handspritt við borðið þar sem fólk sækir diska, hnífapör og kaffi. Spjald sem minnir gesti á að sótthreinsa hendur fyrir og eftir notkun sameiginlegs búnaðar á og við hlaðborðið.
 - c. Notuð áhöld eru sett til hliðar (fata með sótthreinsilegi við borðið fyrir notuð áhöld). Ný og ónotuð áhöld eru til staðar fyrir gesti. Minnið gesti á að sótthreinsa hendur áður en þeir ná sér í ónotuð áhöld.
25. Huga að flæði fólks á hlaðborði til að hindra flöskuhálsa og að 2 metra regla sé virt.
26. Tryggja þarf að ekki myndist örtröð í forstofu eða við inngang. Ef ekki er hægt að virða reglu um nándarmörk í rými þarf að bjóða upp á andlitsgrímur.
27. Ef eitthvað er óljóst notið þá netspjallið á www.covid.is

Reglur þessar gilda til og með 5. maí 2021.

Hvetjum ferðapjónustuaðila til að kynna sér og taka þátt í verkefninu Hreint og öruggt / Clean & Safe. Upplýsingar um verkefnið má finna á [vef Ferðamálastofu](http://vef.Ferðamálastofu).

